

Öryggi hjólandi vegfarenda á þjóðvegum landsins – Maí 2017. Anna Guðrún Stefánsdóttir, Berglind Hallgrímsdóttir og Hallbjörn R. Hallbjörnsson, Verkis.

Hjólreiðar hafa aukist mjög á síðustu árum á Íslandi og má meðal annars rekja það til lífsstílsbreytinga Íslendinga sem og fjölgun ferðamanna. Með þessum lífsstílsbreytingum hafa komið fram hjólreiðakeppnir sem fram fara á þjóðvegum. Þessum keppnum hafa svo fylgt æfingar sem líka fara að sumu leyti fram á þjóðvegum.

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða umferðaröryggi í stærri hjólreiðakeppnum sem fram fara á þjóðvegum landsins. Aðferðin sem beitt var, var að leggja spurningalista fyrir keppendur í stærri hjólreiðakeppnum á Íslandi.

Ýmsar niðurstöður koma fram í skýrslunni. Meiri hluti svarenda (60%) fannst vörubílar og rútur vera þeir þættir sem sköpuðu hættu meðan hjólreiðakeppni fór fram. Þá fannst 40% svarenda að yfirborð vega og lausamöl skapaði einnig hættu. Um 6% svarenda höfðu lent í slysi eða óhappi meðan á keppni stóð, en flest voru þau vegna samstuðs við annað hjóreiðafólk. Um 41% svarenda töldu að aðstandendur hjóreiðakeppnanna hefðu getað gert meira til að bæta öryggi meðan á keppni stóð, til dæmis með betri kynningu fyrir almenna umferð og lokanir meðan á keppni stendur. Höfundar skýrslunnar benda einnig á að setja þyrfti strangari reglur varðandi skiptingar meðal keppnismanna og hvar þær mega fara fram.

Þátttakendur voru einnig spurðir um reynslu þeirra af hjólreiðum í dreifbýli almennt. Meðal þess sem fram kemur er að fleiri telja hjólreiðar í dreifbýli hættulegri en í þéttbýli. Eins og fyrir hjóreiðakeppnir voru flestir og reyndar enn fleiri (88%) á því að vörubílar og rútur sköpuðu mesta hættu í almennum hjólreiðum í dreifbýli. Þegar spurt var hvað gæti bætt aðstæður fyrir hjólreiðar í dreifbýli, svöruðu flestir (68%) að vegaxlir og breiðari vegir skiptu þar mestu máli. Þegar spurt var um slysi, kom fram að fallslysi séu algengust þegar hjólað er í dreifbýli utan keppni.